

Ársskýrsla Bláa hersins 2015.

1. Sandvíkin hreinsuð af rusli, 400 kíló af veiðarfærum og plasti tekið upp og farið með í Kölkku.
2. Þátttaka í Hönnunarmars á sýningunni 1200 tonn til heiðurs Bláa hernum.
3. Þátttakandi í Grænum dögum í Háskóla Íslands ásamt Gaia Ísland. Listaverkið sýnt ásamt fjörurusli.
4. Dagur Jarðar, Hjálparhönd Íslandsbanka kom í hreinsunarverkefni í Viðey. 16 manns og 400 kg. hreinsuð upp.
5. Listaverkið sýnt í Kringlunni í tilefni söfnunar Aveda fyrir hreinsun strandlengjunnar.
6. 40 sjálboðaliðar úr bandaríska flughernum voru hermenn hafsins í einn dag í Mölvík á Reykjanesi. 2500 kg. hreinsuð upp af veiðarfærum og plastrusli. 1500 metrar af strandlengju yfirfarið.
7. Gylfi Jón Gylfason fær bíl og kerru og hreinsar fjöruna á Hafurbjarnastöðum, samtals 500 kg. 500 metrar yfirfarnir.
8. 120 unglingar úr 4 íþróttafélögum koma í árlega hreinsun ISAVIA og Bláa hersins, samtals hreinsað 2200 kg.
9. Árlegt hreinsunarverkefni Akurskóla og Leikskólans Holts í Reykjanesbæ. Strandlengja hreinsuð frá Kópuvík að Víkingaheimum, samtals 800 kg. af drasli.
10. Gengnar allar girðingar á Ásbrú og tekin stór opin svæði og hreinsuð í tilefni af Opnum Degi og ATP tónlistarhátíðarinnar á Ásbrú. Samtals yfir 500 kg. af rusli fjarlæggt.
11. J-50 er í gagngerrni yfirhalningu, ryðbættur, grunnaður og málaður. Verkbjryjun var í apríl og vegna tafa á nokkrum þáttum verksins verður hann kláraður árið 2016.
12. 30 manns á vegun Landverndar, Náttúruverndarsamtaka Íslands, Bandaríska sendiráðsins og Bláa hersins gerast hermenn hafsins í einn dag og hreinsa Sandhöfn á Reykjanesi. RUV fylgdist með. 1500 metrar og 2500 kg. hreinsuð upp.
13. Fjöruruslið sent til Sorpu og Íslenska Gámafélagið flutti það okkur að kostnaðarlausu. Stöð 2 fylgdist með. Veiðarfæri 2040 kg, plast 1860 kg, málmur 400 kg og 110 flottrollskúlur fóru í Ísfell.
14. Tekið þátt í Degi íslenskrar Náttúru með fyrirlestri í Menntaskólanum í Kópavogi, afhendingu viðurkenningar Sigríðar í Brattholti og opnum fundi í Mosfellsbæ um vistvænan ferðamáta reiðhjóla og fleira. Skrifað undir Loftslagsyfirlýsingu Sameinuðu Þjóðanna 2015.
15. Hringrás og Blái herinn rífa malbikunarstöðina hjá IAV á Ásbrú. Samtals 107 tonn af járni í endurvinnslu.
16. Þátttakandi í Umhverfisþingi á Grand Hotel.
17. Rafgeymasöfnun stendur yfir allt árið.
18. Sjálfbóðaliðstundir í öllum verkefnum yfir 3000. HB Grandi veitir 1 milljón í styrk.